

3. fundur stjórnar AP, starfsárið 2011-2012

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 20. desember 2011 kl.13:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Vikingur Björnsson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

1. Stefnumótun félagsins og fjármögnun rekstrar

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir fundum sem þeir hafa átt með bæjastjóra og bæjarráði Norðurþings þar sem farið hefur verið yfir rekstrarstöðu AP. Ljóst er að til þess að félagið geti sinnt þeim verkefnum sem skilgreind hafa verið m.a. í nýlega samþykktu stefnumótun félagsins, þarf að tryggja fjármögnun grunnrekstrar sem skilgreindur hefur verið sem þrjú störf að umfangi. Núverandi fjármögnun dugir ekki til þess og því þurfa eigendur félagsins í samstarfi við stjórnendur þess að skilgreina verkefni og fjármögnun félagsins sameiginlega.

Einnig gerðu formaður og framkvæmdastjóri grein fyrir erindum sem send hafa verið sveitarfélögunum varðandi framlög til rekstar félagsins á þessu ári og því næsta, sem hafa það að markmiði að tryggja starfsemi á meðan unnið er að nauðsynlegri stefnumótun til framtíðar.

Nokkur umræða varð um málið og eru stjórnarmenn sammála um að nauðsynlegt sé að kalla eigendur félagsins að borðinu varðandi framtíðarskipan starfseminnar og fjármögnun. Var formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna vegvísi að þeirri vinnu og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

2. Rekstraráætlun 2012

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að rekstraráætlun 2012 sem byggir á því að tekjur frá Byggðastofnun verði nánast þær sömu og á yfirstandandi ári og framlög sveitarfélaganna í samræmi við framlögð erindi til þeirra. Á gjaldahlið er gert ráð fyrir að minnka starfsmannhald um hálf stöðugildi um áramót og að starfsmenn félagsins verði þá þrír. Jafnframt er gert ráð fyrir ýtrasta aðhaldi varðandi aðra rekstraliði jafnframt því sem unnið er að því að laga þá að sífellt minnkandi umsvifum í rekstri félagsins.

Stjórnin samþykkir rekstraáætlun 2012 miðað við fyrirliggjandi forsendur.

3. Staða verkefna VAXNA

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit um stöðu þeirra verkefna sem samþykkt var að taka þátt í á síðasta starfsári samningsins. Alls er um að ræða 26 verkefni sem flest eru farin af stað. Ljóst er að þátttaka í nokkrum þeirra mun þó falla niður þar sem þau hafa ekki farið af stað innan tilskilinna tímamarka.



Samþykkt að þeim fjármunum sem óráðstafað er verði ekki ráðstafað fyrr en lokið verði gerð nýs vaxtarsamnings enda enginn samningur verið í gildi frá árslokum 2010.

4. Önnur mál

- a) Farið yfir stöðu mála varðandi samskipti við iðnaðarráðuneytið vegna lokaúttektar vaxtarsamnings 2008-2010 en engin viðbrögð hafa borist við bréfi félagsins frá 5. des. sl.
- b) Samþykkt tillaga framkvæmdastjóra um stofnun sérstaks bankareiknings til vörslu og ráðstöfunar fjármuna vaxtarsamnings frá og með næstu áramótum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00